

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2024/EES/11/53

frá 30. september 2009

um að framlengja án takmarkana viðurkenningu á pólskri skipaskrá í Bandalaginu

(2009/728/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit⁽¹⁾, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun 2006/660/EB⁽²⁾ veitti framkvæmdastjórnin pólsku skipaskránni takmarkaða viðurkenningu til þriggja ára. Þessi viðurkenning er veitt stofnunum sem þekktar eru sem flokkunarfélög og uppfylla allar viðmiðanir nema þær sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. A-hluta „Almennar lágmarksviðmiðanir“ í viðauka við tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaæftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda⁽³⁾. Áhrif viðurkenningarinnar takmörkuðust við Tékkland, Kýpur, Litháen, Möltu, Pólland og Slóvakíu.

2) Framkvæmdastjórnin lagði mat á pólsku skipaskrána í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 94/57/EB. Matið var byggt á niðurstöðum fjögurra skoðana til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu önnuðust 2007 í samræmi við iii. lið b-liðar 2. mgr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1406/2002⁽⁴⁾. Yfirvöldum í Tékklandi, á Kýpur, í Litáen, á Möltu, í Póllandi og Slóvakíu var boðið að taka þátt í matinu. Framkvæmdastjórnin hefur einnig tekið tillit til niðurstaðna tveggja skoðana til viðbótar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, sem gerðar voru í apríl og maí 2009, til að kanna starfsemi pólsku skipaskrárinnar varðandi eftirlit með smíði nýrra skipa og til að sannreyna þær aðgerðir til úrbóta sem gripið var til á vegum pólsku skipaskrárinnar til að bregðast við mati framkvæmdastjórnarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

(2) Stjtið. ESB L 272, 3.10.2006, bls. 17.

(3) Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20.

(4) Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.

3) Þar sem annmarkar hafa komið í ljós hafa í flestum tilvikum, án tafar, verið gerðar viðeigandi og fullnægjandi aðgerðir til úrbóta á vegum pólsku skipaskrárinnar. Þeir annmarkar sem eftir standa hafa einkum að gera með framkvæmd reglna og verklagsreglna skipaskrárinnar, einkum að því er varðar eftirlit með gæðum skipasmíðastöðva og sannprófun á smíði nýrra skipa, þjálfun skoðunarmanna sem og menntun þeirra og hæfi ásamt færslu milli flokkunarfélaga. Pólska skipaskráin hefur því verið hvött til að grípa til frekari aðgerða til úrbóta hvað þetta varðar. Þrátt fyrir alvarleika þessara annmarka gefa þeir, að svo stöddu, ekki tilefni til að draga í efa gæði meginkerfa og eftirlitskerfa stofnunarinnar.

4) Í millitíðinni hefur reglugerð (EB) nr. 391/2009 öðlast gildi. Í henni er kveðið á um að stofnanir, sem hafa hlotið viðurkenningu í samræmi við tilskipun 94/57/EB skuli, daginn sem hún öðlast gildi, halda viðurkenningu sinni. Framkvæmdastjórnin verður að taka viðurkenningarnar til skoðunar, eigi síðar en 17. júní 2010, með það fyrir augum að ákveða hvort í stað takmarkananna komi aðrar takmarkanir eða hvort fella eigi þær niður.

5) Þær upplýsingar sem aðgengilegar eru framkvæmdastjórninni á grundvelli matsins og skoðananna sýna að pólska skipaskráin fer almennt að þeim kröfum og skyldum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 391/2009 fyrir öll farsvið og allar gerðir skipa.

6) Byggt á þeim gögnum sem síðast voru birt samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit, þar sem fjallað er um skoðanir sem undirritunaraðilar framkvæmdu fram til ársins 2008, var farbannstíðni skipa á tímabilinu 2006-2008, vegna álitamála sem tengjast skírteinum sem gefin voru út á vegum pólsku skipaskrárinnar, 0,77% af heildarfjölda skoðana, á meðan meðaltíðni hjá viðurkenndum stofnunum var 0,34%.

7) Framlenging á viðurkenningu pólsku skipaskrárinnar í Bandalaginu ætti að öðlast gildi 29. september 2009 til þess að tryggja samfellu hennar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Viðurkenning pólsku skipaskrárinnar í Bandalaginu er hér með framlengd án takmarkana frá og með 29. september 2009.

2. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.
